

Pingeyjarsveitar- og Skútustaðahreppur  
Bjarni Reykjalfn  
Kjarna  
650 Laugar



Reykjavík 1. mars 2016  
UST201602-225/B.S.  
10.04.03


### Efni: Deiliskipulag - smávirksjun í Svartá við Vaðöldu. Umsögn


Vísað er til bréfs Skipulags- og byggingarfulltrúa Skútustaðahrepps dags. 22. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að deiliskipulagi.

Um er að ræða uppsetningu líttillar 8-10 kW rafstöðvar í farvegi Svartár til að afla rafmagns til að knýja fjarskiptabúnað á Vaðöldu sem nú er rekin með rafmagni sem framleitt er með olúknúinni ljósavél.

Stífla í Svartá verður úr forsteyptri einingu og ekki er gert ráð fyrir inntakslóni. Framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á farveg Svartár né á fossinn Skínandi. Stöðvarhús verður reyst á forsteyptum einingum þannig að hér er um afturkræfa framkvæmd að ræða nema þar sem fleyga þarf klappir til að koma fyrir aðrennsliþípu. Rafstrengur um 4,5 km að lengd verður lagður í vegslóða sem liggur að fjarskiptahúsi. Umhverfisstofnun telur umhverfisvænna að reka fjarskiptahús með rafmagni í stað olú. Stofnunin telur hins vegar brýnt að vandað verði til verka þannig að áhrif mannvirkjagerðarinnar sjálfrar verði sem minnst á jarðmyndanir og ásýnd svæðisins og dragi ekki úr jákvæðum áhrifum rafvæðingarinnar.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur